

Héraðsdómur Reykjavíkur

Dómur 19. mars 2026.

Mál nr. E-7460/2025:

A

(Unnur Ásta Bergsteinsdóttir lögmaður)

gegn

Livio Reykjavík ehf.

(Stefán Árni Auðólfsson lögmaður)

Dómur

Málsmeðferð og dómkröfur aðila

- Mál þetta, sem dómtekið var 19. febrúar 2026, höfðaði A, [...], 12. desember 2025 gegn Livio Reykjavík ehf., Álfrheimum 74, Reykjavík.
- Stefnandi krefst þess að stefnda greiði henni 3.000.000 króna með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 frá 18. desember 2025 til greiðsludags. Þá krefst stefnandi málskostnaðar.
- Stefnda krefst sýknu og málskostnaðar.
- Frávísunarkröfu stefnda var hrundið með úrskurði dómsins 10. febrúar sl.

Helstu málsatvik

- Árið 2016 keyptu stefnandi og páverandi eiginkona hennar, B, gjafasæði og þungunarrétt, en gjafann fundu þær á erlendri vefsíðu. Þær keyptu síðan þjónustu stefnda við varðveislu kynfrumnanna og voru skráðar sameiginlegir eigendur þeirra en hið stefnda félag vörsluaðili. Síðar keyptu þær einnig þjónustu stefnda við tæknisæðingu með umræddu gjafasæði og eignuðust þannig sín hvora dótturina. Kvað stefnandi þær hafa keypt aukaskammta með það fyrir augum að hugsanlega myndu þær vilja eignast fleiri börn, auk þess sem þær hafi viljað tryggja að ekki yrðu fleiri börn á Íslandi getin með sæði sama sæðisgjafa.
- Í nóvember 2023 skildu stefnandi og fyrrum eiginkona hennar. Í skilnaðarsamningi var ekki vikið að því hvernig fara ætti með kynfrumurnar. Á árinu 2024 mun stefnandi hafa verið í samskiptum við hið stefnda félag og fengið þær upplýsingar að annað hvort þyrfti önnur þeirra að afsala sér rétti til kynfrumnanna til hinnar eða að frumunum yrði eytt. Áttu fyrrum eiginkonurnar í samskiptum í formi skilaboða í september og október 2024, þar sem stefnandi freistaði þess að fá frumunum afsalað til sín þar sem hún gæti ekki hugsað sér að eignast barn með öðrum gjafa og vildi enn fremur að ef hún eignaðist annað barn yrði það blóðskylt systkinum sínum. Kom ekki annað til greina af hálfu fyrrum

eiginkonu hennar en að frumunum yrði eytt. Lyktaði samskiptum þeirra með því að þær sammæltust um að kynfrumunum yrði eytt. Barst stefnda ósk um eyðingu kynfrumnanna sem undirrituð var af stefnanda og fyrrum eiginkonu hennar með rafrænni undirskrift þann 23. október 2024.

- 7 Þann 10. desember 2024 er skráð í samskiptaskrá stefnda að stefnandi hafi hringt og spurt hvort búið væri að eyða kynfrumunum. Stefnandi hafi þá verið upplýst um að kynfrumunum hefði ekki verið eytt. Stefnandi hafi sagt að hún og fyrrum maki væru í sáttameðferð og vildu ekki eyða sæðinu. Stefnandi hafi þá verið upplýst um að til að draga ósk um eyðingu til baka yrði sú beiðni að berast skriflega og vera undirrituð af báðum aðilum, stefnanda og fyrrum maka. Ósk hennar einnar dygði ekki.
- 8 Þann 7. janúar 2025 sendi stefnandi tölvupóst til stefnda þar sem hún staðfesti að hún afturkallaði samþykki sitt á ósk um eyðingu kynfrumna sem hún ætti í geymslu hjá stefnda. Stefnda svaraði þann 8. janúar og áréttaði þá að til að afturkalla fyrirbyggjandi ósk stefnanda og fyrrum maka um eyðingu þyrfti sú beiðni að koma skýrlega frá þeim báðum.
- 9 Þann 17. janúar 2025 er bókað í samskiptakerfi stefnda að hringt hafi verið í stefnanda til að ýta á eftir staðfestingu hennar og samþykki fyrrum maka um að afturkalla ósk um eyðingu. Stefnandi upplýsti þá að samþykki maka lægi ekki fyrir, en að stefnandi væri kominn með lögmann sér til aðstoðar.
- 10 Þann 21. janúar 2025 sendi lögmaður stefnanda tölvupóst til stefnda, þar sem fram kom að fyrrum eiginkona stefnanda hafi óskað eftir eyðingu kynfrumnanna, en að stefnandi óskaði eftir að þeim yrði ekki eytt. Upplýst var að stefnandi vildi leita eftir því við fyrrum eiginkonu sína að fá rétti til kynfrumnanna afsalað til sín. Óskaði lögmaðurinn eftir fundi til að fá upplýsingar um hugsanlegan þungunarrétt o.fl. þessu tengt. Enn fremur var óskað upplýsinga um hvort stefnda ætti samninga eða skilmála sem stefnandi hefði undirritað í tengslum við þetta hjá stefnda.
- 11 Stefnandi átti í samskiptum við fyrrum eiginkonu sína í febrúar 2025 og freistaði þess að fá hana til að afsala sér kynfrumunum. Voru svör hennar sem fyrr á þann veg að henni þætti hugmynd stefnanda fráleit og að ekki kæmi annað til greina en að frumunum yrði eytt. Setti hún sig í samband við stefnda 24. febrúar 2025 og ítrekaði ósk um eyðingu kynfrumnanna. Fékk hún þær upplýsingar að staðfesting hennar dygði til þess að fylgja mætti eftir ósk um eyðingu. Ítrekaði hún beiðnina formlega með eyðublaði þar um, sem undirritað var af henni 25. febrúar 2025. Þann dag var kynfrumunum eytt með vísan til ítrekaðrar beiðni fyrrum eiginkonu stefnanda. Staðfesting á eyðingu kynfrumnanna var send til þeirra beggja.
- 12 Þann 10. apríl 2025 krafði lögmaður stefnanda stefnda um endurgreiðslu geymslugjalds og greiðslu kostnaðar við kaup á nýju sæði og greiðslu miskabóta að fjárhæð 5.000.000 króna með vísan til b. liðar 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga. Kröfunum hafnaði stefnda bréfluga 2. maí 2025, meðal annars með vísan til fyrirbyggjandi beiðna um eyðingu, upplýsinga og aðstæðna aðila og ákvæða laga nr. 55/1996. Kom m.a. fram að það væri

verklagsregla hjá stefnda að eyða yrði kynfrumum ef ósk annars maka þar um lægi fyrir við skilnað.

- 13 Lögmaður stefnanda sendi stefnda annað bréf fyrir hennar hönd 13. júní 2025 þar sem sjónarmið stefnanda voru rakin nánar og óskað eftir því að stefnda endurskoðaði afstöðu sína. Lögmaður stefnda svaraði 23. júní 2025 og upplýsti stefnanda um að afstaða stefnda væri óbreytt. Í kjölfarið sendi stefnandi stefnda viðvörðun um málshöfðun. Í framhaldinu og í samræmi við efni bréfsins lagði stefnandi fram kvörtun til embættis landlæknis og tilkynningu til heilbrigðisráðherra vegna eyðingar á kynfrumunum. Tilraunir lögmanna aðila til að setta ágreininginn báru ekki árangur.

Helstu málsástæður og lagarök stefnanda

- 14 Stefnandi kveðst byggja á því að háttsemi stefnda hafi falið í sér ólögmetta meingerð gagnvart stefnanda sem hann beri ábyrgð á samkvæmt b-lið 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993, sakarreglunni og reglunni um vinnuveitendaábyrgð. Nánar tiltekið hafi hið stefnda félag valdið henni miska með meingerð gegn persónu hennar og friðhelgi einkalífs sem hafi falist í því að stefnda hafi án heimildar eytt kynfrumum í sameiginlegri eigu stefnanda og fyrrum eiginkonu hennar, sem verið hafi í vörslu stefnda. Stefnda hafi þannig brotið gegn réttindum stefnanda meðal annars samkvæmt 71. og 72. gr. stjórnarskrárinnar, 8. gr. mannréttindasáttmála Evrópu og 1. gr. 1. viðauka við hann, lögum um tæknifrjóvgun og notkun kynfrumna og fósturvísa manna til stofnfrumurannsókna nr. 55/1996 og reglugerð nr. 144/2009 um tæknifrjóvgun og notkun kynfrumna og fósturvísa manna til stofnfrumurannsókna. Hafi stefnda jafnframt brotið gegn meginskyldu sinni í samningssambandi aðila og meginreglum samningaréttarins, einkum þeim tillits-, trúnaðar- og traustsskyldum sem hafi hvílt á stefnda. Meingerðin felist enn fremur í ólögmetri málsmeðferð sem stefnda hafi viðhaft, meðal annars með því að tjá stefnanda að kynfrumunum yrði ekki eytt en eyða þeim svo fyrirvaralaust án nokkurra aðvarana. Með þessum hætti hafi stefnda valdið stefnanda miska.
- 15 *Stefnda hafi ekki haft heimild til að eyða kynfrumunum.* Stefnandi kveðst í fyrsta lagi byggja á því að stefnda hafi ekki haft heimild til að eyða kynfrumunum. Með því að eyða kynfrumunum í heimildarleysi hafi stefnda brotið gegn eignarétti stefnanda, ákvæðum laga nr. 55/1996 og reglugerðar nr. 144/2009, sem og gegn skyldum sínum í samningssambandi aðila.
- 16 Stefnandi vísar til þess að umræddar kynfrumur hafi verið í sameiginlegri eigu hennar og fyrrum eiginkonu hennar, en í vörslu stefnda samkvæmt 7. gr. laga nr. 55/1996, en samkvæmt ákvæðinu sé aðeins heimilt að geyma kynfrumur á heilbrigðisstofnunum sem hafi fengið leyfi ráðherra til að framkvæma tæknifrjóvgun.
- 17 Stefnda hafi ekki haft forræði á ráðstöfun kynfrumnanna nema að því marki er lög mæla fyrir um enda hafi ráðstöfunarrétturinn verið sameiginlega í höndum stefnanda og fyrrum eiginkonu hennar, sem yrðu að taka slíkar ákvarðanir sameiginlega. Meginregla eignaréttar sé enda sú að sé eign í sameiginlegri eigu tveggja einstaklinga, þurfi samþykki

beggja aðila fyrir verulegum ráðstöfunum. Eyðing kynfrumnanna hafi óumdeilanlega verið veruleg ráðstöfun. Með eyðingu kynfrumnanna án samþykkis stefnanda telji stefnandi stefnda hafa brotið gegn réttindum hennar sem leiði til bótaskyldu.

- 18 Kynfrumurnar hafi verið varðveittar hjá stefnda til eigin notkunar og með samþykki þess gjafa sem lagði þær til, sbr. 1. og 2. mgr. 8. gr. laga nr. 55/1996. Varðveisla stefnda á kynfrumunum hafi byggt á síðastnefndu ákvæði laganna og nánari útfærslu í reglugerð nr. 144/2009. Hvoru tveggja lög nr. 55/1996 og reglugerð nr. 144/2009 byggi á þeirri meginreglu að ráðstöfun kynfrumna í sameiginlegri eigu verði að byggja á samþykki beggja aðila, sbr. m.a. a-lið 1. mgr. 4. og 7. gr. reglugerðar nr. 144/2009. Þurfi þannig til dæmis samþykki beggja aðila til þess að heimilt sé að nota kynfrumur við tæknifrjövgun. Rétt eins og samþykki beggja aðila þurfi til að nota kynfrumurnar, þurfi samþykki beggja aðila til þess að eyða þeim, enda séu veigamiklir hagsmunir viðkomandi einstaklinga undirliggjandi í báðum tilvikum. Í þessu samhengi tekur stefnandi sérstaklega fram að fyrirbyggjandi tilvik sé ólíkt því þegar kynfrumugjafi dregur til baka samþykki sitt fyrir varðveislu þeirra eða þegar annar þeirra einstaklinga sem lögðu til fósturvísi dregur samþykki sitt til baka.
- 19 Ennfremur bendir stefnandi á að stefnda hafi sjálfst starfað í samræmi við framangreinda meginreglu um að ráðstöfun kynfrumna í sameiginlegri eigu verði að byggja á samþykki beggja aðila. Eyðublað félagsins vegna óskar um eyðingu kynfrumna og fósturvísa, sem birt er á heimasíðu félagsins, geri þannig ráð fyrir undirritun beggja maka. Að sama skapi hafi fyrri háttsemi stefnda verið í samræmi við þetta verklag, en hætt hafi verið við eyðingu eftir að stefnandi hafi afturkallað samþykki sitt fyrir henni auk þess sem stefnandi hafi fengið vilyrði starfsmanns stefnda fyrir því að kynfrumunum yrði ekki eytt að svo stöddu. Með eyðingu kynfrumnanna í kjölfar framangreinds telur stefnandi að stefnda hafi hvoru tveggja brotið gegn eigin verklagi og þeim traust- og trúnaðarskyldum sem ríkja í samningssambandi aðila.
- 20 Loks beri að líta til þess að stefnandi hafi sem heilbrigðisþjónustuveitandi með lögbundið starfsleyfi tekið að sér að varðveita kynfrumurnar gegn greiðslu frá stefnanda. Stefnandi hafi keypt þjónustuna og treyst því að um örugga vörslu heilbrigðisstofnunar væri að ræða þar sem tekið væri fyllsta tillit til þess að um væri að ræða afar viðkvæma og mikilvæga hagsmuni einstaklinga og fjölskyldna. Með fyrirvaralausri eyðingu kynfrumnanna hafi stefnda brotið gróflega og með óafturkræfum hætti gegn þeirri meginskyldu sinni að varðveita frumurnar.
- 21 *Málsmeðferð stefnda hafi ekki verið í samræmi við lög og þær skyldur sem á honum hvíla. Óháð niðurstöðu varðandi heimild stefnda til eyðingar kynfrumnanna kveðst stefnandi byggja sjálfstætt á því að málsmeðferð stefnda hafi ekki verið í samræmi við lög og þær skyldur sem á honum hvíla. Stefnandi vísar hér annars vegar til þess að stefnda hafi veitt henni misvísandi skilaboð, m.a. með því að tjá henni að kynfrumunum yrði ekki eytt. Hins vegar hafi stefnda án nokkurra aðvarana eytt kynfrumunum fyrirvaralaust og aðeins greint stefnanda frá því eftir að eyðingin hafi þegar átt sér stað.*

- 22 Stefnandi hafi haft samband við stefnda til að afturkalla samþykki sitt fyrir eyðingu kynfrumnanna símleiðis í janúar 2025. Afturköllunin hafi verið móttokin og starfsmaður stefnda tjáð stefnanda að eyðingin myndi ekki fara fram að svo stöddu. Í kjölfarið hafi lögmaður stefnanda haft samband við stefnda og ítrekað framangreinda afturköllun. Stefnandi hafi ekki getað dregið aðra ályktun af framangreindum samskiptum en að kynfrumunum yrði ekki eytt nema með hennar samþykki eða þegar niðurstaða fengist í ágreining hennar og fyrrum eiginkonu hennar.
- 23 Þá er bent á að stefnanda hafi upprunalega verið tjáð að engar verklagsreglur væru fyrir hendi hjá stefnda sem tækju til aðstæðna á borð við þær sem upp hafi verið komnar hjá stefnanda og fyrrum eiginkonu hennar. Í bréfi til stefnanda 2. maí 2025 í kjölfar eyðingarinnar hafi lögmaður stefnda hins vegar borið við að kynfrumunum hafi verið eytt í samræmi við verklagsreglu stefnda um „að eyða kynfrumu ef ósk annars maka liggur fyrir við skilnað“.
- 24 Stefnandi hafi hins vegar ekki verið upplýst um framangreinda verklagsreglu heldur þvert á móti tjáð að engir verkferlar væru til staðar.
- 25 Stefnandi byggir á að stefnda hafi í öllu falli verið skylt að gera henni aðvart áður en eyðingin fór fram. Er í þessu samhengi bent á að samkvæmt 14. gr. reglugerðar nr. 144/2009 sé varðveisluaðila skylt að tilkynna eigendum kynfrumna um fyrirhugaða eyðingu þeirra 6 mánuðum fyrir ætlaða eyðingu við lok hámarksgeymslutíma. Telur stefnandi sömu sjónarmið eiga við þegar eyðing fari fram af öðrum ástæðum. Tillitsskyldur í samningssambandi leiði til sömu niðurstöðu.
- 26 Vegna framangreindrar háttsemi stefnda hafi stefnanda ekki verið unnt að grípa til viðeigandi ráðstafana svo sem að fara þess á leit við fyrrum eiginkonu sína að hún myndi ekki óska eftir eyðingu kynfrumnanna fyrr en þær hefðu reynt til þrautar að komast að samkomulagi um ráðstöfun þeirra.
- 27 Byggir stefnandi á því að málsmeðferð stefnda hafi vakið væntingar hjá stefnanda um að kynfrumunum yrði ekki eytt og fyrirvaralaus eyðing þeirra í kjölfarið feli í sér meingerð gegn stefnanda og hafi valdið henni miska.
- 28 *Krafa um miskabætur.* Stefnandi vísar til framangreindra málsástæðna til stuðnings miskabótakröfu.
- 29 Stefnda hafi brotið gegn hagsmunum stefnanda sem njóti verndar 71. og 72. gr. stjórnarskrárinnar og 8. gr. mannréttindasáttmála Evrópu sem og gegn 1. gr. 1. viðauka við sáttmálann. Um sé að ræða hagsmuni sem lúti að kjarna einka- og fjölskyldulífs stefnanda. Undirliggjandi séu jafnframt verulegir fjárhagslegir hagsmunir stefnanda enda sé öflun og varðveisla gjafasæðis afar kostnaðarsamt ferli.
- 30 Sérstaka þýðingu hafi að eyðing kynfrumanna sé óafturkræf ráðstöfun og að málsmeðferð stefnda og harkaleg framganga hafi verið til þess fallin að valda stefnanda þeim mun meiri þjáningu en nauðsynlegt hafi verið. Það geri málið enn þungbærara fyrir stefnanda að ekki sé lengur unnt að afla kynfrumna frá umræddum sæðisgjafa.

- 31 Stefnandi telur framangreinda háttsemi vera í verulegu ósamræmi við þær kröfur sem gera verði til stefnda sem veitanda heilbrigðisþjónustu á viðkvæmu sviði. Telur stefnandi að háttsemi stefnda hafi verið bæði saknæm og ólögmæt. Stefnda hafi mátt vera ljóst að eyðing kynfrumnanna og sú málsmeðferð sem hafi verið viðhöfð væri til þess fallin að valda stefnanda miska sem sé í beinum orsakatengslum við og sennileg afleiðing af háttsemi stefnda. Öllum skilyrðum miskabótaábyrgðar stefnda sé þannig fullnægt.
- 32 Með vísan til framangreinds gerir stefnandi kröfu um greiðslu miskabóta að fjárhæð 3.000.000 króna.

Helstu málsástæður og lagarök stefnda

- 33 Stefnda hafnar alfarið kröfum og málsástæðum stefnanda og telur sig ekki hafa viðhaft nokkuð það sem geti talist ólögmæt meingerð í garð stefnanda, persónu hennar eða friðhelgi einkalífs.
- 34 Þá hafnar stefnda því að félagið hafi með eyðingu kynfrumna, samkvæmt ósk þar um, brotið gegn samningsskyldum og trúnaði gagnvart stefnanda.
- 35 Stefnda hafnar þeirri fullyrðingu stefnanda að kynfrumunum hafi verið eytt fyrirvaralaust og að stefnda hafi viðhaft ólögmæta málsmeðferð og brotið þannig á stefnanda. Hið rétta sé að stefnda hafi leiðbeint stefnanda, gefið ráðrúm til úrlausnar og að eyðing kynfrumnanna hafi farið fram á grundvelli fyrirliggjandi óska þar um.
- 36 Stefnda telur að sér hafi verið skylt að eyða kynfrumunum að framkominni ósk þar um, að virtum skilyrðum laga nr. 55/1996, og hafnar því að eyðingin hafi verið án heimildar. Þegar ljóst hafi verið að stefnandi og fyrrum maki hefðu skilið og að fyrrum maki myndi ekki veita samþykki fyrir notkun stefnanda á kynfrumunum hafi legið fyrir að kynfrumurnar yrðu ekki notaðar, enda önnur notkun ólögmæt, og að þeim ætti að eyða.
- 37 Gögn málsins sýni glögglega að eyðing kynfrumnanna hafi ekki verið fyrirvaralaus líkt og stefnandi haldi fram. Stefnda hafi varslað kynfrumurnar eins og lög gera ráð fyrir. Eyðing hafi farið fram að framkominni ósk þar um og ekki verið framkvæmd fyrr en frestur hafi verið veittur að ósk stefnanda og eftir að stefnanda hafi verið leiðbeint um hvernig draga mætti til baka ósk um eyðingu og eftir að full ljóst hafi verið orðið að samþykki fyrrum maka, sbr. 3. mgr. 9. gr. laga nr. 55/1996, lægi ekki fyrir.
- 38 Stefnda hafnar að hafa brotið gegn samningssambandi aðila. Gjald fyrir vörslu kynfrumnanna hafi verið rukkað fyrir þann tíma sem samið var um. Eyðing hafi farið fram samkvæmt ósk þar um.
- 39 Stefnda hafnar miskabótakröfu stefnanda alfarið. Áréttar stefnda að ekkert í sinni framkvæmd hafi beinst sérstaklega að stefnanda. Þvert á móti hafi í framkvæmt verið reynt að koma til móts við ósk stefnanda. Þegar ósk um eyðingu hafi verið komin fram hafi stefnda verið skylt að verða við henni og þegar ljóst var að fyrrum maki myndi ekki veita samþykki sitt fyrir framsali á kynfrumunum til stefnanda hafi stefnda ekki getað annað en virt það. Um bann við vörslu kynfrumna, án lögheimils tilgangs, vísar stefnda meðal annars til 8. og 9. gr. laga 55/1996.

- 40 Stefnanda hafnar því alfarið að hafa gert nokkuð það á hlut stefnanda sem talist geti ólögmet meingerð gegn frelsi, friði, æru eða persónu stefnanda og hafnar því að skilyrðum b-liðar 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga sé fullnægt.

Niðurstaða

- 41 Í máli þessu deila aðilar um hvort stefnda hafi, sem geymsluaðili kynfrumna í sameiginlegri eigu stefnanda og fyrrverandi eiginkonu hennar, sýnt af sér háttsemi sem varði miskabótaábyrgð gagnvart stefnanda með því að eyða kynfrumunum eftir að stefnda barst sameiginleg beiðni þeirra þar um, sem stefnandi vildi síðan draga til baka en fyrrverandi eiginkonan ekki. Telur stefnandi eyðinguna hafa farið fram heimildarlaust og að undangenginni óforsvaranlegri málsmeðferð stefnda sem með háttsemi sinni hafi framið ólögmeta meingerð gagnvart stefnanda.
- 42 Stefnandi byggir í fyrsta lagi á því að stefnda hafi ekki haft heimild til að eyða kynfrumunum. Varðveisla stefnda á kynfrumunum byggði á ákvæðum laga nr. 55/1996 og reglugerð nr. 144/2009. Vísar stefnda til laganna um heimild sína og skyldu til að eyða kynfrumunum.
- 43 Um geymslu kynfrumna og fósturvísa er fjallað í 7. - 10. gr. laganna. Í 7. gr. segir að geymsla kynfrumna sé eingöngu heimil á heilbrigðisstofnun sem fengið hefur leyfi ráðherra til að framkvæma tæknifrjóvgun.
- 44 Samkvæmt 1. mgr. 8. gr. má því aðeins geyma kynfrumur að tilgangurinn sé a) eigin notkun síðar, b) gjöf í rannsóknarskyni eða c) gjöf kynfrumna til notkunar við tæknifrjóvgun. Á c-liður við í þessu máli.
- 45 Í 2. málslíð 3. mgr. 8. gr. er mælt fyrir um að sá sem leggur kynfrumur til geti veitt skriflegt og vottað samþykki fyrir notkun fyrrverandi maka á þeim eftir skilnað eða sambúðarslit, enda geti hann notað kynfrumurnar í eigin líkama og skriflegt og vottað samþykki liggja fyrir samhliða umsókn um tæknifrjóvgun. Framangreindri heimild var bætt við lögum með lögum nr. 69/2023, sem tóku gildi 1. janúar 2024, en fram að því hafði verið fortakslaus skylda að eyða kynfrumum og fósturvísunum við slit á hjúskap eða sambúð óháð vilja aðila. Samkvæmt gildistökuákvæði breytingalaganna gildir ákvæðið um kynfrumur sem settar voru í geymslu fyrir gildistöku þeirra, eins og á við í máli þessu.
- 46 Ákvæði 9. gr. laganna fjallar um fósturvísa en ekki kynfrumur og á því ekki við í málinu. Rétt er þó að geta þess að í umfjöllun um 2. gr. í frumvarpi til fyrrnefndra breytingalaga nr. 69/2023, sem felur í sér samsvarandi heimild til að samþykkja notkun fyrrverandi maka á fósturvísunum, segir að kröfurnar séu sambærilegar þeim sem gerðar séu til samþykkis og notkunar kynfrumna. Þess beri að geta að ef báðir einstaklingar eiga þess kost að nýta fósturvísi eftir skilnað eða sambúðarslit verði báðir að samþykkja notkun hans og koma sér saman um hvor þeirra gangi með barnið. Eðli málsins samkvæmt geta síðast greindar aðstæður einungis átt við þegar um tvær konur er að ræða, en frumvarpinu var breytt í meðförum þingsins í þessa veru eftir athugasemdir frá Samtökunum 78. Ekki er vikið að því hvort ætlunin með breytingalögum hafi verið að önnur skilyrði ættu hér við um notkun fósturvísa, heldur en um notkun kynfrumna. Í þessu samhengi vekur

athygli að í 2. mgr. 9. gr., eins og henni var breytt með lögum nr. 55/2010, er notað orðalagið „Geymsla fósturvísa er háð því skilyrði að þeir einstaklingar sem lögðu til kynfrumurnar *eða fengu þær að gjöf til* notkunar við glasafrjóvgun“ veiti skriflegt samþykki fyrir geymslunni. Eins og rakið er í athugasemdum með frumvarpi til laga nr. 69/2023 þá er sama hvort um sé að ræða fósturvísi sem samsettur sé úr kynfrumum beggja, annars eða hvorugs. Er því engum vafa undirorpið að í 9. gr. laganna er ekki einungis vísað til kynfrumna þeirra sem leggja þær til, heldur einnig gjafakynfrumna frá þriðja aðila. Að mati dómsins standa ekki efnisleg rök til þess að álykta af mismuni á orðalagi 8. og 9. gr. á þann veg að í 8. gr. séu gerðar vægari kröfur til geymslu gjafakynfrumna, heldur en í 9. gr., þ.e. að einungis þurfi upprunalegt samþykki kynfrumugjafa, en ekki samþykki þeirra sem fengu kynfrumurnar að gjöf í þeim tilgangi að nota þær við tæknifrjóvgun.

- 47 Í 1. mgr. 10. gr. er mælt fyrir um að ráðherra setji reglur um hámarks geymslutíma kynfrumna miðað við bestu læknisfræðilegu þekkingu á hverjum tíma. Í 2. mgr. 10. gr. er mælt fyrir um eyðingu kynfrumna að hámarks geymslutíma liðnum. Ennfremur segir þar í 2. málslíð að þó hámarks geymslutími sé ekki liðinn skuli eyða kynfrumum ef sá sem samþykkti geymslu þeirra dregur samþykki sitt til baka. Í athugasemdum með ákvæðinu í frumvarpi til laga nr. 69/2023 segir að eðlilegt hafi þótt að taka fram í lögnum að kynfrumum eða fósturvísi skuli eytt ef einstaklingur sem samþykkti geymslu þeirra dregur samþykki sitt til baka. Áréttu bæri að ef um þar væri að ræða yrði að eyða fósturvísi ef annar aðilinn drægi samþykki sitt fyrir geymslunni til baka. Ekki er vikið að því hvort með orðalaginu „sá sem samþykkti geymslu kynfrumna“ sé átt við eigendur kynfrumna, sem fengið hafa þær að gjöf til notkunar við tæknifrjóvgun líkt og á við í þessu máli, kynfrumugjafa sjálfan eða hvoru tveggja. Í það minnsta er ekki notað orðalag sem ber með sér að einungis sé vísað til þess sem lagði kynfrumurnar til. Í 3. mgr. er notað orðalagið „sá sem lagði til kynfrumur“ og í 5. mgr. er notað hugtakið „kynfrumugjafi“, sem ótvírætt vísar til kynfrumugjafa sjálfs. Í anda meginreglu laganna um samþykki beggja fyrir notkun kynfrumna er nærtækt að álykta af framangreindu að nægilegt sé að annar eigandi kynfrumna í sameign dragi samþykki sitt til baka til þess að skylt verði að eyða frumunum.
- 48 Löggjafinn hefur samkvæmt framansögðu sett strangar skorður við geymslu og notkun kynfrumna, sem lúta eðli málsins samkvæmt ekki hefðbundnum lögmaðlum eignarréttar um yfirráð og ráðstöfunarrétt eigenda. Koma þar meðal annars til siðferðisleg, samfélagsleg, tilfinningaleg og lagaleg sjónarmið eins og rakið er í frumvarpi til laganna.
- 49 Er ágreiningslaust með aðilum málsins að notkun kynfrumna í sameiginlegri eigu verði að byggja á samþykki beggja aðila. Stefnandi álitur að þá hljóti hið sama að gilda um eyðingu kynfrumna. Á þetta getur dómurinn ekki fallist. Í þessu felst þvert á móti að frjósemismeðferðin er sameiginlegt ferli og hvor aðili verður að sæta því að hann geti ekki nýtt kynfrumurnar án samþykkis hins. Skilyrði geymslunnar er að tilgangur hennar sé notkun til tæknifrjóvgunar. Þegar fyrir liggur sú ákvörðun annars aðilans að frumurnar verði ekki lengur nýttar til tæknifrjóvgunar, eins og á við í máli þessu, þá er heimild til geymslu þeirra í þeim tilgangi, sbr. c-lið 1. mgr. 8. gr. laganna, brostin. Verður að fallast

á það með stefnda að við þær aðstæður hafi honum verið heimilt að eyða kynfrumunum í samræmi við ítrekaða beiðni fyrrverandi eiginkonu stefnanda.

- 50 Jafnvel þó ákvæði 8. og 10. gr. laganna yrðu ekki túlkuð á þann veg að eyða beri kynfrumum fortakslaust við þær aðstæður að annar eigandi þeirra mæli fyrir um það þá er til þess að líta að lögin mæla með tæmandi hætti fyrir um *heimildir* heilbrigðisstofnana til að geyma kynfrumur, en ekki *skyldu*, og setja lágmarkskröfur þar um. Í því felst ekki að mati dómsins, eins og stefnandi byggir á, að heilbrigðisstofnun sé óheimilt að gera strangari skilyrði í framkvæmd. Stefnda hefur með vísan til meginreglu laganna viðhaft þá verklagsreglu að eftir skilnað eða sambúðarslit verði annað hvort að koma til afsal annars maka á kynfrumunum til hins eða að kynfrumunum verði eytt berist ósk þar um frá öðrum hvorum aðilanum. Að mati dómsins er slík verklagsregla málefnaleg og til þess fallin að tryggja fyrirsjáanleika og koma í veg fyrir ágreiningsmál við hjúskaparslit. Samræmist hún jafnframt meginreglu laganna um samþykki beggja aðila sem leita sameiginlega frjósemismæðferðar.
- 51 Að mati dómsins hefur stefnandi samkvæmt framansögðu ekki sýnt fram á að stefnda hafi brotið gegn stjórnarskrárvörðum réttindum hennar, mannréttindum eða samningsbundnum rétti og framið með því ólögmeta meingerð gagnvart frelsi, friði, æru eða persónu hennar sem varði miskabótum í skilningi b-liðar 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga, með því að eyða kynfrumunum í samræmi við ítrekaða beiðni fyrrverandi eiginkonu hennar.
- 52 Óháð niðurstöðu um heimild stefnda til að eyða kynfrumunum við þær aðstæður sem uppi voru í málinu þá byggir stefnandi í öðru lagi sjálfstætt á því að málsmeðferð stefnda hafi verið með þeim hætti að í henni hafi falist ólögmet meingerð gagnvart stefnanda.
- 53 Stefnda hafi annars vegar gefið misvísandi skilaboð sem hafi gefið stefnanda tilefni til réttmætra væntinga um að frumunum yrði ekki eytt án hennar samþykkis. Hins vegar hafi stefnda án nokkurra aðvarana eytt kynfrumunum fyrirvaralaust og aðeins greint stefnanda frá því eftir að eyðingin hafi þegar átt sér stað.
- 54 Í málinu liggur hvorki fyrir skriflegur samningur aðila um geymslu umræddra kynfrumna og frjósemismæðferð, né skriflegar verklagsreglur um hvernig fara skuli með kynfrumur við hjúskaparslit. Verður að teljast ófaglegt að stefnda hafi sem þjónustuveitandi á heilbrigðissviði staðið þannig að málum. Allt að einu bera gögn málsins með sér að stefnandi hafi verið meðvituð um að beiðni annars maka um eyðingu væri fullnægjandi ef marka má samskipti hennar við fyrrverandi eiginkonu sína í september 2024 sem liggja fyrir í málinu. Þá kemur fram í samskiptaskrá stefnda frá 10. desember 2024 að stefnandi hafi verið upplýst um að afturköllun á samþykki til eyðingar væri ekki gild nema hún kæmi frá þeim báðum. Var þetta áréttað við stefnanda í tölvupósti 8. janúar 2025 og ítrekað með símtali 17. janúar 2025. Bréf lögmanns stefnanda til stefnda bera einnig með sér að hún hafi verið meðvituð um að afsal fyrrverandi maka þyrfti til þess að hún gæti nýtt kynfrumurnar. Fyrirliggjandi gögn í málinu styðja samkvæmt framansögðu ekki staðhæfingur stefnanda um misvísandi upplýsingagjöf af hálfu stefnda sem vakið hafi

með henni réttmætar væntingar um að frumunum yrði ekki eytt án hennar samþykkis, en stefnandi ber sönnunarbyrði þar um.

- 55 Þá verður ekki fallist á að eyðing kynfrumnanna hafi verið fyrirvaralaus og án aðvörunar. Stefnandi stóð upphaflega að beiðni um eyðingu 24. október 2024 ásamt fyrrverandi eiginkonu. Er hún freistaði þess að afturkalla beiðni sína einum og hálfum mánuði síðar var henni tjáð að afturköllun væri ekki gild nema samþykki beggja kæmi til. Með vísan til staðhæfinga hennar um að sáttaviðræður við fyrrverandi eiginkonu stæðu yfir veitti stefnda henni svigrúm til að skila inn gildri afturköllun þeirra beggja eða yfirlýsingu um afsal kynfrumnanna. Fylgdi stefnda því eftir að sameiginleg yfirlýsing kæmi frá þeim báðum, eins og rakið er að framan. Þegar fyrrverandi maki stefnanda ítrekaði beiðni sína um eyðingu 25. febrúar 2025 mátti stefnda ganga út frá því að sáttaviðræður hefðu ekki borið árangur og að afdráttarlaus vilji fyrrverandi eiginkonu stefnanda stæði til þess að frumunum yrði eytt. Mátti stefnandi vænta þess miðað við fyrirliggjandi upplýsingagjöf að frumunum yrði eytt að svo komnu máli.
- 56 Ekki verður heldur fallist á þau sjónarmið stefnanda að sömu reglur eigi að gilda hér um aðvörun og kveðið er á um í 14. gr. reglugerðar nr. 144/2009, sem fjallar um tilkynningu til kynfrumueigenda sex mánuðum fyrir fyrirhugaða eyðingu við lok hámarksgeymslutíma kynfrumna. Reglan á eðli málsins samkvæmt einungis við um þær sérstöku aðstæður sem þar er mælt fyrir um. Verður samkvæmt framansögðu að hafna þeim málátilbúnaði stefnanda að kynfrumunum hafi verið eytt fyrirvaralaust.
- 57 Dómurinn fellst þrátt fyrir framangreint á það með stefnanda að tilkynning um eyðingu kynfrumnanna sem send var stefnanda í tölvupósti hafi verið óheppilega orðuð og ónærgætin í ljósi aðstæðna. Í því fólst hins vegar ekki ólögmæt meingerð gagnvart stefnanda.
- 58 Samkvæmt öllu framansögðu hafnar dómurinn málsástæðum stefnanda um ólögmæta meingerð stefnda í hennar garð í skilningi b-liðar 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga. Verður stefnda samkvæmt því sýknað af kröfum stefnanda í málinu.
- 59 Að teknu tilliti til niðurstöðu um frávísunarkröfu stefnda og sérstakra atvika málsins og lagalegrar óvissu þykir rétt að hvor aðila beri sinn kostnað af meðferð þess, sbr. 3. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.
- 60 Unnur Ásta Bergsteinsdóttir lögmaður flutti málið fyrir stefnanda og Stefán Árni Auðólfsson lögmaður fyrir stefnda.

Hlynur Jónsson héraðsdómari kveður upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefnda, Livio Reykjavík ehf., er sýknað af kröfum stefnanda, A.

Málskostnaður fellur niður.

Hlynur Jónsson